

Mánudaginn 6. desember 1971.

Nr. 43/1971. **Guðmundur Pálsson**
(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)
gegn
Árna Pálssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. marz 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi 24. s. m. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 55.740.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Því er eigi haldið fram, að aðiljar hafi samið um ákveðið endurgjald fyrir smíðina. Áfrýjandi hlutaðist til um, að dómkvaddir menn mætu hæfilegt endurgjald fyrir verkið svo og kostnað af að bæta úr göllum, sem á voru. Stefndi hefur eigi haldið því fram, að honum beri hærra endurgjald fyrir verk sitt en matsfjárhæð nemur. Máltilbúnað áfrýjanda þykir hafa verið rétt að skilja svo, að hann krefðist eigi aðeins fullra skaðabóta vegna galla á verki stefnda, eftir því sem matsgerð sagði til um, heldur viðurkenndi, að sér bæri þá að greiða fyrir verkið samkvæmt sömu matsgerð. Hinir dómkvöddu matsmenn hafa staðfest matsgerð sína fyrir dómi. Í matsgerðinni er skilmerkilega lýst hinum stórfelldu göllum á smíðinni. Eins og málinu er háttað, þykir rétt að leggja mat matsmanna einnig til grundvallar um kostnað af endurbótum, þ. e. kr. 35.000.00. Úrlausn héraðsdóms um 3ja kröfu-lið áfrýjanda ber að staðfesta.

Samkvæmt þessu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda kr. 30.000.00 ($35.000.00 + 5.000.00 \div 10.000.00$) með vöxtum, svo sem krafizt er.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði, þar með talinn matskostnað, og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Pálsson, greiði áfrýjanda, Guðmundi Pálssyni, kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og málskostnað, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. nóvember 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þessa mánaðar, hefur Guðmundur Pálsson verkamaður, Ásgarði 43, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. maí 1969, á hendur Árna Pálssyni húsasmið, Laufásvegi 17, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 55.740.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags ásamt málskostnaði samkvæmt reikningi að fjárhæð kr. 14.511.00.

Dómkröfur stefnda eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu, en til vara, að stefnukrafan verði stórlega lækkuð og málskostnaður þá látinn niður falla.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þeir, að haustið 1968 tók stefndi að sér samkvæmt beiðni eiginkonu stefnanda að smíða eldhúsinnréttingu í hús stefnanda að Ásgarði 43 hér í borg. Kveður stefndi eiginkonu stefnanda hafa sagt við sig, að hún þyrfti að fá nýja eldhúsinnréttingu í nefnt hús, sams konar eða líka að útliti og þá, sem stefndi hafði þá smíðað í íbúð sína að Hjálmholti 7. Eiginkona stefnanda er nú látin.

Stefndi segist hafa strikað upp eldhúsinnréttinguna í samráði við eiginkonu stefnanda. Ekki var gerður skriflegur samningur um smíði þessa, og ekki var samið um ákveðið verð fyrir innréttinguna. Hins vegar segir stefndi, að stefnandi og eiginkona hans hafi spurt sig að því, hvað svona innrétting mundi kosta, og minnti stefnda, að hann hefði sagt þeim, að slík innrétting mundi með efni, vinnu og uppsetningu kosta um kr. 50.000.00 til kr. 55.000.00.

Stefnandi telur, að stefndi hafi afhent eldhúsinnréttinguna einhvern tíma í febrúar 1969. Stefndi mundi aftur á móti ekki að greina frá því, hvenær hann hefði afhent innréttinguna, en taldi sig þó reka minni til þess, að næsta voru væru liðin um það bil 2 ár frá afhendingu.

Stefnandi var óánægður með smíðina hjá stefnda. Kvaðst stefnandi hafa kvartað undan smíðinni, sem sagt strax eftir að hann fékk innréttinguna afhenta. Kvað hann stefnda þá hafa svarað orðrétt, „að þetta væri fyrsta flokks“. Hann kvað stefnda hafa boðizt til að lagfæra innréttinguna um svipað leyti og hann setti fram síðar kvartanir. Stefnandi kvaðst hins vegar ekki hafa treyst stefnda til að framkvæma lagfæringuna. Því hafi ekkert orðið úr því. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa boðizt til þess að bæta sér annað tjón, svo sem fyrir óþægindi og afnotamissi samfara viðgerðinni.

Stefndi kvað stefnanda hafa kvartað yfir innréttingunni, skömmu eftir að hún var sett upp. Hann kvað stefnanda hafa meinað sér að gera við innréttinguna, þótt hann hafi boðizt til þess. Tók stefndi sérstaklega fram, að hann hafi ekki getað komizt inn í húsið til þess að gera við innréttinguna né heldur til að ljúka við hana, þar sem hann hafi ekki verið búinn með hana, þegar húsinu hafi verið lokað á sig.

Með bréfi til borgardómara, dagsettu 13. marz 1969, óskaði stefnandi þess, að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess „að skoða ástand umræddrar eldhúsinnréttingar og meta hana til verðs svo og skemmdir í eldhúsi í sambandi við uppsetningu á henni. Yfirleitt er þess óskað, að matsmennirnir skoði og meti vandlega allt, sem til greina kemur í þessu sambandi, þ. á m., hvort innréttingin telst vera nothæf“.

Á bæjarþingi hinn 14. marz 1969 voru þeir Indriði Níelsson húsasmíðameistari og Þorsteinn Hjálmarsson húsagnasmíðameistari dómkvaddir til þess að framkvæma hina umbeðnu matsgerð.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 21. marz 1969. Hljóðar hún svo að loknum inngangsorðum:

„Mánudaginn 17. marz 1969 mættu matsmenn á staðnum kl. 13.30. Auk matsmanna voru mættir eigandi íbúðarinnar, Guðmundur Pálsson, og Þorvaldur Þórarinnsson hrl. Árni Pálsson var boðaður, en kvaðst ekki mundu mæta. Eldhúsinnréttingin er smíðuð úr beykispónaplötum, álímdum tekki á köntum, plastlagðar hillur, botnar, hurðir, skúffur, sökkjar og skápar að utan. Lakk hefur verið sett inn í skúffur og skápa.“

Smíði skápanna er að okkar dómi mjög slæm. Samskeyti á við eru víðast opin, falla illa saman, botn er laus við hlið í efri skáp við útvegg, kantar að framan illa pússaðir, kantlisti ofan við ísskáp þekur ekki plötupykktina, yfirlisti á efri skáp skeyttur saman og er ekki úr tekki eins og aðrar álímingar, einnig er hann mjög hlykkjóttur. Skápar að innan, sem teljast lakkaðir, eru illa pússaðir, kámaðir og lím illa hreinsað.

Skúffur eru illa lakkaðar að innan, forstykkir falla ekki vel saman í lengdina, og endar þeirra eru bæsaðir þar, sem tekk álímingar ættu að vera.

Álímingu á plasti er mjög ábótavant. Notað hefur verið „kontakt“ lím, sem farið er að losna á nokkrum stöðum, og reikna má með, að plastið losni meira úr límingu, þegar frá líður.

Brotnað hefur stykki úr plasti ca. 3x6 cm á kappi í efri skáp, sem hefur verið límt á eftir í sárið, einnig er áberandi skábrotin plastplata að neðan á hlið við ísskáp. Einnig eru annarsstaðar flaskaðar brúnir á plasti, svo sem við ísskáp og borðenda, plast er of stutt á hlið efri skáps, og hefur verið límdur þar tekkrenningur ofan við ca. 1½ cm á breidd.

Í botn á neðri skáp hafa verið notaðir bútar úr plasti og illa skeyttir saman, einnig fellur plast í botn á efri skáp illa að hliðum. Ganglistar fyrir skothurðir eru illa settir í og skeyttir saman, misdjúpt er inn að skothurðum frá framkanti, og skrölta hurðir í, þar sem nót hefur verið tekin of breið. Í neðri skáp eldavélar-megin hefur of lítið bil verið milli ytri og innri hurðar, þannig að tekkgríp á innri hurð hefur brotnað af, og skröltir hún einnig af sömu ástæðum og áður greinir.

Álímingar á skothurðaskápum eru of mjóar, og skín í beyki milli tekklista og skothurða. Ýmislegt fleira mætti tína til við-víkjandi smíði á skápum þessum.

Smíði á innréttingu þessari, miðað við góða vinnu og efni, teljum við hæfilega metna á kr. 57.000.00, fimmtíu og sjö þúsund krónur, að meðtalinni uppsetningu.

Til að koma eldhúsinnréttingunni í viðunandi horf þarf að taka hana niður og flytja á verkstæði og endursmíða að miklu leyti og setja síðan upp aftur, og er mat okkar á viðgerð þessari 35.000.00 kr., þrjátíu og fimm þúsund krónur“.

Matsmenn hafa báðir komið fyrir réttinn og staðfest matsgerð sína. Hafa þeir borið, að í matsgerð þessari sé ekki tekið tillit til bóta vegna afnotamissis eða óþæginda samfara viðgerð þessari.

Stefnandi sundurliðar stefnukröfur sínar þannig:

1. Lagfæring á innréttingunni samkvæmt matsgerð	kr. 35.000.00
2. Matskostnaður	— 5.740.00
3. Afnotamissir og óþægindi	— 15.000.00

Samtals kr. 55.740.00

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hinna framlögðu matsgerð. Bendir hann sérstaklega á það, að stefndi hafi ekki rétt til þess að lagfæra innréttinguna, þar sem hann hafi fyrirgert þeim rétti vegna þess, að hann hafi ekki boðið bætur fyrir afnotamissi og óþægindi, þegar hann bauðst til þess að lagfæra innréttinguna. Þá bendir stefnandi á það sérstaklega, að nauðsynlegt sé að flytja innréttinguna á verkstæði til lagfæringar. Muni þetta hafa í för með sér mikil óþægindi og afnotamissi fyrir sig. Hefur hann því auk matsfjárhæðarinnar krafizt sérstakra bóta fyrir óþægindi og afnotamissi, svo sem að framan getur.

Stefndi byggir dómkröfur sínar á því, að hann hafi sett eldhúsinnréttingu þessa upp í febrúarmánuði 1969. Hafi hann þá tjáð stefnanda, að smíði væri eigi lokið, enda hafi stefndi þá eigi verið búinn að fá greiðslu nema að hluta. Áður en stefndi hafi fengið lokið smíðinni hafi verið dómkvaddir tveir matsmenn til þess að meta verkið samkvæmt beiðni stefnanda. Telur stefndi mat þetta marklaust og mótmælir því sem röngu, enda hafi sér verið meinað að ljúka við innréttinguna, þar sem húsinu hafi verið lokað á sig og síðan beðið um mat, án þess að stefndi fengi að lagfæra eða ljúka verkinu. Af þessum sökum telur stefndi fráleitt, að hann þurfi að bera nokkurn kostnað vegna þessarar matsgerðar.

Að endingu mótmælir stefndi kröfu stefnanda vegna afnotamissis og óþæginda, slíkt komi ekki til greina, vegna þess að sér hafi verið meinað að ljúka við verkið.

Skriflegur samningur var eigi gerður um verk þetta. Verklýsing eða eiginlegar teikningar voru heldur eigi gerðar, en stefndi kveðst hafa „strikað upp eldhúsið í samráði við eiginkonu stefnanda“.

Svo sem sjá má af þessu, hefur mjög losaralega verið gengið frá samningi um smíði þessa.

Dómendur hafa farið á vettvang og skoðað eldhúsinnréttinguna. Fallast má á það með matsmönnum, að smíði á innréttingu sem þessari, miðað við góða vinnu, efni og uppsetningu, sé hæfilega metin kr. 57.000.00. Hins vegar er innrétting sú, sem hér um ræðir, haldin margvíslegum smíðagöllum, svo sem fram kemur í matsgerðinni. Aftur á móti getur dómurinn ekki fallizt á mats-

fjárhæð hinna dómkvöddu manna, að því er varðar kostnað við að lagfæra galla þessa. Telur rétturinn eigi nauðsyn bera til að flytja innréttinguna á verkstæði til lagfæringar, heldur sé unnt að framkvæma hana á staðnum. Telur rétturinn lagfæringarkostnað þennan hæfilega ákveðinn kr. 20.000.00. Þá þykir rétt, að stefnandi fái nokkrar bætur vegna óþæginda samfara viðgerð þessari. Þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00. Þar sem stefndi bauðst ekki til að greiða stefnanda bætur vegna óþæginda samfara viðgerð á eldhúsinnréttingunni, telst hann ekki nú hafa rétt til lagfæringar þeirrar, sem gera þarf.

Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda í ofangreindar bætur kr. 25.000.00.

Stefnandi á aftur á móti að gjalda stefnda samtals kr. 57.000.00 fyrir innréttingu þessa eftir lagfæringu hennar. Af þeirri fjárhæð kvaðst stefnandi þegar hafa greitt kr. 47.000.00, og hefur sú fullyrðing eigi sætt andmælum af hálfu stefnda. Samkvæmt þessu á stefnandi ógoldnar kr. 10.000.00 fyrir innréttinguna, lagfærða.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 15.000.00 (þ. e. kr. 25.000.00 ÷ kr. 10.000.00) ásamt 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969, er stefnda var ritað kröfu-bréf, til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda helming matskostnaðar, kr. 2.870.00. Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristni R. Sigurjónssyni húsasmíðameistara og Jónasi Sólmundssyni húsgagnasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Árni Pálsson, greiði stefnanda, Guðmundi Pálsyni, kr. 15.000.00 með 8% ársvöxtum frá 15. apríl 1969 til greiðsludags og kr. 2.870.00 í matskostnað.

Að öðru leyti á málskostnaður að falla niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.